

Nd.

568. Breytingartillögur

ið frv. til laga um Landsbanka Íslands.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Halldóri Stefánssyni*.

Við 1. gr. Þriðja málsgrein: »Ríkissjóður ber ekki ábyrgð
með lögum« fellur niður.

II. Frá Ásgeiri Ásgeirssyni, Halldóri Stefánsyni og Jakob Möller.

1. Við 7. gr. Í stað fyrstu málsgreinar kemur:

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að selja gull í miltum fyrir seðla þá, er hann hefir gefið út, þó aldrei minna í einu en eitt myntgullmilti, 12,4414 kílógr. að þyngd, sem jafngildir 28283,42 krónum í seðlum.

2. Við 9. gr.

a. a-liður fellur niður.

b. Í stað fyrri málsliðs síðustu málsgreinar kemur: Gullforði bankans samkvæmt a-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum.

3. Við 9. brtt. a. á þskj. 561.

Í stað »til 5 ára« í fyrsta málslið kemur: til 3 ára.

4. Við 37. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist svo:

Bankaráðið skal fylgjast með um rekstur bankans í öllum starfsgreinum hans. Skal formaður bankaráðsins framkvæma fyrir þess hönd daglegt eftirlit með stjórn bankans.

Bankaráðið heldur reglulega fundi að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar, en annars svo oft sem formaður þess telur nauðsynlegt, eða að minsta kosti 2 bankaráðsmenn krefjast þess, og þegar aðalbankastjóri óskar þess. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði lormanns úr.

Framkvæmdarstjórar bankans eiga rjett á að vera á fundum bankaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er varða þá sjálfa. Bankaráðið getur og krafist þess, að framkvæmdarstjórar, einn eða fleiri, komi á fund þess.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem i er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir.

5. Við 39. gr. Niunda málsgrein fellur niður.

III. Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Halldóri Stefánsyni.

1. Á eftir 51. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og opinbert fje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nív. 1915, um sparisjóði.

2. Við 55. gr. Þriðji málsliður orðist svo:

Ráðherra sjer síðan um, að eftirlitsmaðurinn með bönkum og sparisjóðum framkvæmi úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins.